



Á grænni grein

Verkefnið „Skólar á grænni grein“ eða Grænfánaverkefnið er stærsta umhverfisverkefni í heimi og rekið af Landvernd á Íslandi. Markmið verkefnisins er að auka umhverfismennt, menntun til sjálfbærni og að styrkja umhverfisstefnur skóla. Skólar sem hafa hlotið þessa viðurkenningu flagga Grænfánanum við skólann sinn.

Lágafellsskóli ásamt útibúi skólans Höfðabergi skráði sig í til leiks í Grænfánaverkefnið haustið 2018 og var unnið ótullega að því að ná því markmiði. Til þess uppfylla þau markmið þurfti að stíga „skrefin sjö“, verkefni sem stuðla m.a. að því að efla þekkingu skólasamfélagsins í umhverfismálum.

Þeim áfanga náði skólinn vorið 2020 og voru fánar dregnir að húni bæði í Lágafellsskóla og á Höfðabergi og þar með var skólinn orðinn Grænfánaskóli. Sú viðurkenning er endurnýjuð á tveggja ára fresti, haldi skólinn áfram góðu starfi í umhverfismálum.

Umhverfissáttmáli Lágafellsskóla

Þetta er allt í okkar höndum



Tákn Grænfánans

Græni liturinn: Græni liturinn minnir á græna gróðurinn sem er forsenda alls lífs á jörðinni. Í plöntum eru grænuhorn sem vinna orku úr vatni, lofti og steinefnum með orku sólar. Allar aðrar lífverur eru háðar gróðrinum. Það er því mikilvægt að vera minntur á græna litinn.

Hvíti hringurinn: Hvíti hringurinn minnir á sólina og jörðina. Jörðin er heimili okkar og allra annarra lífvera sem vitað er um. Það er bara til ein jörð. Annars staðar getum við ekki búið. Og ef ekki væri fyrir sólina væri hér ekkert líf.

Bláa og hvíta bókin: Blái og hvíti liturinn í bókinni minna á loft og vatn, hreint loft og vatn sem eru líka lífsnauðsynjar sem við verðum að fara vel með. Bókin minnir á að við vitum ekki alltaf allt. Við þurfum stundum að læra eitthvað og þá getur verið ágætt að lesa um það eða skoða af því myndir. Bláa blaðsíðan vinstra megin getur einnig táknað fortíðina og sú hvíta, hægra megin, framtíðina. Við getum öll haft áhrif á framtíðina og ákveðið í sameiningu að skrifa eitthvað fallett á hvítu síðuna fyrir jörðina, hvert annað og okkur sjálf.

Tréð og maðurinn: Tréð og maðurinn eru ein heild sem minnir okkur á að maðurinn er hluti af náttúrunni og verður að fara vel með hana. Ef við virðum náttúruna og förum vel með hana erum við líka að fara vel með fólk. Tréð minnir svo auðvitað líka á gróðurinn.